

Hafrannsóknastofnun
c/o Matthías Oddgeirsson / Stað í Grindavík
Fornubúðum 5
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 5. október 2020
UST202003-120/gf
08.12.02

Varðar eftirlit í fiskeldi Hafrannsóknastofnunar að Stað í Grindavík


Þann 20.8.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi Hafrannsóknastofnunar að Stað í Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti, tveimur frávikum hefur verið lokað þar sem grænt bókhald 2019 og arsyfirlit 2019 hafa borist. Eitt frávik er enn opioð. Frávikið snýr að kröfum í starfsleyfi um frárennslismælingar sem áttu að liggja fyrir og skila til Umhverfisstofnunar fyrir árslok 2019. Niðurstöður mælinga hafa enn ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20.10.2020.

Ein ábending var sett fram og snýr hún að bættum skráningum á umhverfispáttum (sjá grein 4.1 í starfsleyfi).

Virðingarfyllst,


Gottskálk Friðgeirsson


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrít:
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hafrannsóknarstofnun Stað, Grindavík



Dags eftirlits	20.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hafrannsóknarstofnun	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470616-0830	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Matthias Oddgeirsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirlitinnu. Um skil á ársyfirliti skráninga og um skil á grænu bókhaldi. Eins vegna mælinga í frárennslí sem samkvæmt starfsleyfi skal taka fyrir árslok 2019. Frávikum vegna græns bókhalds 2019 og vegna ársyfirlits 2019 er hægt að loka strax þar sem gögnin bárust 25. ágúst sl.

Enn vantar niðurstöður mælinga í frárennslí vegna 2019 og því helst frávikið opið.

Ein ábending var sett fram, sjá síðar í skýrslunni.

UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúi rekstraraðila var Matthías Oddgeirsson og eftirlitsmaður var Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Stöðin er á reit 4 í deiliskipulagi, stendur niðri á sjávarbakka, innan við Stekkjarnar sem er brimbrjótur sunnan og austan við húsnæði stöðvarinnar. Allt eldi fer fram í kerjum innandyra. Í stöðinni eru hrognkelsi, sandhverfa, steinbítur, þorskur og lúða auk lax og bleikju. Frárennslí rennur í voginn sem er innan við brimbrjótinn.

Eftirlitið fólst í:

Fundur

- Kynning á rekstri og umhverfiseftrilit Umhverfisstofnunar
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti – úrbætur frávika og ábendinga
- Kröfur í nýju starfsleyfi (2019)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Önnur mál

Skoðun

Í samræmi við boðaða dagskrá var farið yfir stöðu frávika og ábendinga frá síðasta eftirliti.

Nýtt starfsleyfi fyrir stöðina var gefið út 27. maí 2019 og lokar það einu af frávikum ársins 2018. Nú er fylgst með losun í viðtaka, bæði með mælingum og eins er losun köfnunarefnis og fósfór reiknuð út frá magn fóðurs. Mælingar sem tilskildar eru í starfsleyfi (grein 4.3) hafa þó ekki skilað sér til samræmis við dagsetningar sem gefnar eru upp í starfsleyfinu. Það er frávik frá kröfum starfsleyfi. Sein skil á ársyfirliti (sjá grein 4.4) telst frávik frá kröfum starfsleyfis. Skráningar sem krafist er í nýju starfsleyfi, s.s. framleiðslumagn og afföll, fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð, magn og gerð hreinsiefna, sóttreinsiefna, lyfja. Eins skráningar á kvörtunum, bilunum og óhöppum, skráningar á magni úrgangs sem myndast í starfseminni og magn spilliefna, ásamt mælingar og útreikningar á losun næringarefna í viðtaka.

Með ársyfirliti sem barst 25. ágúst sl. hefur upplýsingajöf batnað til muna, en bent er á að enn er hægt að bæta upplýsingajöfina með betri skráningar og söfnun gagna og vinna yfirlitið út frá kyttunum og öðrum skráðum gögnum.

Í nýju starfsleyfi er krafa í gr. 4.5 um að Grænu bókhaldi skuli skilað fyrir 1. maí næsta árs. Grænt bókhald barst 25. ágúst sl. Það er frávik frá kröfum starfsleyfis.

Næst var farið yfir nýtt starfsleyfi og kröfur til rekstraraðila sem þar eru settar fram. Þrjár áætlanir skulu liggja fyrir. Líffmassi í stöðinni á hverjum tíma er ekki það mikill að skriflegur samningur (neyðaráætlun) um meðferð og förgun eldisfisks þurfi að liggja fyrir. Fram kom að Skinnfiskur í Sandgerði muni taka við eldisfiski stöðvarinnar ef massadauði verður eða annað neyðarástand skapast.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og Grænt bókhald (umhverfisupplýsingar) og eins senda Umhverfisstofnun niðurstöður vöktunar (má vera með ársyfirliti).

Rekstraraðili skal hafa umhverfismarkmið sem endurskoðuð eru á fjögurra ára fresti. Skal hafa bráðamengunartryggingu og tilkynna stofnuninni allar stærri breytingar og eins ef óhöpp verða.

Fram kom að stöðin hefur ekki sjálf varaflsstöð og engan olíugeymi en tengist inn á varaafi Samherja ef þörf er á.

Engar kvartanir og engar bilanir né óhöpp hafa átt sér stað.

Samkvæmt áhættumati sem unnið hefur verið skal koma í árlegt eftirlit í stöðina.
Stöðin er snyrtileg og umgengni góð.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi	Fram kemur í starfsleyfinu að taka skuli sýni í frárennslí fyrir árslok 2019. Niðurstöður mælinganna hafa ekki skilað sér til Umhverfisstofnunar.
ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi	Skila skal grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald síðasta árs barst þann 25. ágúst sl. Þar sem Grænt bókhald 2019 hefur skilað sér þá er hægt að loka frávikanu hér í skýrslunni.
ákvæði í grein 4.4 í starfsleyfi	Skila skal ársyfirliti um mælingar og skráningar til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningar bárust 25. ágúst sl. Þar sem skráningar vegna síðast árs hafa skilað sér þá er hægt að loka frávikanu hér í skýrslunni.

ÁBENDINGAR

Ábending er gerð um að bæta skráningar enn frekar

ANNAÐ


Leiðbeiningar um skráningu olíugeyma voru afhentar.

Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru afhentar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuvemdar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.10.2020


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Hafrannsóknastofnun	Dags. eftirlits: 20. ágúst 2020	Staðsetning stöðvar: Stað við Grindavík	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 470616 0830	Gildistími starfsleyfis: 23. maí 2035	Kvittun afhend: Já – 3. júlí 2020	Gerð stöðvar: Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Starfsleyfið er gefið út 27. maí 2019. Samtals lífmassaaukning var um 10 tonn. Framleidd voru um 365000 25 gramma hrognkelsaseiði. Unnið var að rannsóknum á bleikju- og laxaseiðum.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Síðasta eftirlit var í október 2018 og þá var starfsemin án starfsleyfis. Siðan þá hefur verið gefið út nýtt starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Með starfsleyfisumsókn bárust nýjar áætlanir; viðbragðsáætlun og áætlun um frágang við rekstrarstöðvun. Enn stendur til að sameina frárennsli við frárennsli frá Samherja.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Enn má bæta skráningar á förgun dauðfisks og annars úrgangs. Fá kvittanir frá móttökuaðilum og nýta þær í til þess að gera upp árið og vinna ársyfirlit.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársyfirliti (samantekt skráninga) og Grænu Bókhaldi var skilað 25. ágúst sl.
Grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Ársyfirliti (samantekt skráninga) og Grænu Bókhaldi var skilað 25. ágúst sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun, áætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Með starfsleyfisumsókn bárust nýjar áætlanir; viðbragðsáætlun og áætlun um frágang við rekstrarstöðvun.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			
Er neyðaráætlun til staðar?	X			
Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Rekstraraðili er með umhverfismarkmið sem voru uppfærð í apríl 2018.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			<p>Stöðin er rannsókna- og ráðgjafastöð í fiskeldi.</p> <p>Tvær gerðir af „sjálfvirkum“ fóðururum eru í notkun sem skammtað er í daglega.</p> <p>Fóðurstuðull er ca. 1</p>
Er skráning á losun fósþórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		<p>Já</p> <p>Já</p> <p>Magn fosþórs er útreiknað og var 4,35 kg/tonn.</p> <p>Mælingar í frárennsli eru frá janúar og febrúar 2019.</p> <p>Samkvæmt starfsleyfi átti að mæla aftur fyrir árslok 2019.</p> <p>Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) í frárennsli. Fyrsta mælingin skal fara fram fyrir 1. júlí 2019 næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2019 og síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti.</p>
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			<p>Frárennsli er í litla vísí í efst í fjörunni.</p> <p>Örlitlar fóðurleifar sáust í útrásinni en uppssöfnun, set eða útfellingar sáust ekki.</p> <p>Góð vatnsskipti virðast halda fjörunni hreinni.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

				Til stendur að samtengja útrásir Samherja og Hafrannsóknastofnunar og leggja útrás neðar .	
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síun, settjörn, trömlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Fiskigildrar eru í kerjum en enginn annar búnaður sem telst mengunarvarnarbúnaður. Allt eldi fer fram innandyra og fer í einni lögum til sjávar (viðtaka).	
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki er Atlantshafið og stöðin er fyrir opnu hafi. Grjótgardur er beint neðan stöðvarinnar en innan við hann er skýld vík sem opnast til austur.	
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Fylgjast skal með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi fóðurs og upptöku næringarefna í eldinu. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildar-fosför og heildarköfnunarefni.	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Úrgangur fer til Kölku sorpeyðingastöðvar sem er í samræmi við starfsleyfi. Afföll eru hverfandi. Um 800 kg af slátruðum laxa og bleikjuseiðum fóru á síðasta ári til fóðurgerðar hjá Skinnfiski í Sandgerði.	
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Nema að ekki var mælt aftur fyrir árslok 2019.	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X				
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X		
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Seinni mælingar 2019 hafa ekki enn skilað sér. Áætlað er að þær skili sér núna í september 2020. Matís og ALS Scandinavia AB	

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Í eftirliti ársins 2018 var frávik frá gr. 4.a í lögum nr. 71 um fiskeldi og frá 5. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin hafði ekki starfsleyfi.

Eins frá gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi var frávik, en skráningum í rekstrahandbók var ábótant.


Frá sömu grein var frávik því losun efna í umhverfið var hvorki mæld né áætluð með útreikningum.

Enn stendur út af að skráningar þurfa að vera betri, sem og söfnun kvittana frá aðilum í úrgangs- og spilliefnamóttöku sem og aðilum sem taka á móti sláturúrgangi.

Samantekt:	<p>Fulltrúi rekstraraðila var Matthías Oddgeirsson og eftirlitsmaður var Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.</p> <p>Stöðin er á reit 4 á deiliskipulagi, stendur niðri á sjávarbakka, innan við Stekkjarnef sem er brimbrjótur sunnan og austan við húsnæði stöðvarinnar. Allt eldi fer fram í kerjum innandyra. Í stöðinni eru hrognkelsi, sandhverfa, steinbítur, þorskur og líða auk lax og bleikju. Frárennsli rennur í voginn sem er innan við brimbrjótinn.</p> <p>Í samræmi við boðaða dagskrá var farið yfir stöðu frávik og ábendinga frá síðasta eftirliti.</p> <p>Nýtt starfsleyfi fyrir stöðina var gefið út 27. maí 2019 og lokar það einu af frávikum ársins 2018. Nú er fylgst með losun í viðtaka, bæði með mælingum og eins er losun köfnunarefnis og fosför reiknuð út frá magn fóðurs.</p> <p>Mælingar sem tilskildar eru í starfsleyfi og skulu sendar til stofnunarinnar, hafa þó ekki verið að skila sér til samræmis við dagsetningar sem gefnar eru upp í starfsleyfinu. Sein skil á ársyfirliti (sjá grein 4.4) telst frávik frá kröfum starfsleyfis.</p> <p>Skráningar sem krafist er í starfsleyfi eru m.a. framleiðslumagn og afföll, fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð, magn og gerð hreinsiefnar, sóthreinsiefna, lyfja. Eins skal skrá kvartanir, bilanir og óhöpp, skrá magn úrgangs sem myndast í starfseminni og magn spilliefna, ásamt mælingar og útreikninga á losun næringarefna í viðtaka.</p> <p>Með ársyfirliti 2019 sem barst 25. ágúst sl. hefur upplýsingagjöf batnað til muna, en bent er á að enn er hægt að bæta upplýsingagjöfina með betri skráningum og söfnun gagna og vinna yfirlitið út frá kvittunum og öðrum skráðum gögnum.</p> <p>Í nýju starfsleyfi er krafa í gr. 4.5 um að Grænu bókhaldi skuli skilað fyrir 1. maí næsta árs. Grænt bókhald ársins 2019 barst 25. ágúst sl. Það er frávik frá kröfum starfsleyfis.</p> <p>Næst var farið yfir nýtt starfsleyfi og kröfur til rekstraraðila sem settar eru þar fram. Þrjár áætlanir skulu liggja fyrir. Lífmassi í stöðinni á hverjum tíma er ekki það mikill að skriflegur samningur um meðferð og förgun eldisfisks þurfi að liggja fyrir. Fram kom að Skinnfiskur í Sandgerði muni taka við eldisfiski stöðvarinnar ef massadauði verður eða annað neyðarástand skapast. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og Grænt bókhald (umhverfisupplysingar) og eins senda Umhverfisstofnun niðurstöður vöktunar (má vera með ársyfirliti).</p> <p>Rekstraraðili skal hafa umhverfismarkmið sem endurskoðuð eru á fjögurra ára fresti. Skal hafa bráðamengunartryggingu og tilkynna stofnuninni allar stærri breytingar og eins ef óhöpp verða.</p> <p>Fram kom að stöðin hefur ekki sjálf varaafslsstöð og engan olíugeymi en tengist inn á varaafl Samherja ef þörf er á.</p> <p>Engar kvartanir og engar bilanir né óhöpp hafa átt sér stað.</p>
-------------------	--

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

	Samkvæmt áhættumati sem unnið hefur verið skal koma í árlegt eftirlit í stöðina. Stöðin er snyrtileg og umgengni góð.
Annað:	Leiðbeiningar um skráningu olíugeyma voru afhentar. Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru afhentar.



Undirskrift eftirlitsmanns: _____